

## AUGLÝSING

### um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum, og að fengnum tillögum umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar hefur lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu ákveðið eftirfarandi:

1. að bannað verði að stöðva og leggja ökutækjum við norðurkant Hverfisgötu frá Snorrabraut að Lækjargötu á þeim hluta hennar sem ekki eru afmörkuð bílastæði.  
Bannið er táknað með umferðarmerkinu B24.11 samkvæmt reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra,
2. að banna stöðu ökutækja í akstursaðkomu að Eiríksgötu 3 (Hnitbjörg).  
Bannið er táknað með umferðarmerkinu B21.11 samkvæmt reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

*F.h. lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, 1. mars 2017,*

**Jón H.B. Snorrason** aðstoðarlögreglustjóri.